



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

---

### **Efni: Stöðumat á stefnu aðgerða í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir**

#### **Forsaga:**

Stefna í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir var samþykkt á fundi í velferðarráðs 5. júní 2019 og á fundi borgarráðs þann 11. október 2019 og gildir til loka árs 2025. Stefnan byggir á fjórum stöðum:

- Skaðaminnkandi nálgun, sem þýðir að það eru ekki sett skilyrði fyrir þjónustu og húsnæði (Húsnæði fyrst, e. Housing first/HF)
- Notendur: Mannvirðing, fagmennska, valdefling og virk þátttaka allra þeirra sem þjónustan snýr að.
- Starfsfólk: Viðhorf, þekking, reynsla og ánægja starfsfólks hefur áhrif á gæði þeirrar þjónustu sem veitt er.
- Samfélag (samstarf og stöðugar umbætur): Nýting þeirra tækifæra sem bjóðast í nærumhverfinu og samvinna við aðrar stofnanir og frjáls félagasamtök. Vöktun á aðstæðum þeirra sem á þjónustunni þurfa að halda.

#### **Greinargerð:**

Meginmarkmið stefnunnar eru alls átta og ná yfir 34 aðgerðir. Settir mælikvarðar eru alls 25. Eitt af því helsta sem áunnist hefur frá því að síðasta stöðumat var lagt fyrir velferðarráð í desember 2021 er að allar aðgerðir í stefnunni eru núna komnar í ferli og 14 aðgerðum er lokið (fylgiskjal 1).

Það var stór áfangi í innleiðingu stefnunnar þegar samningar tókust á milli Sjúkratryginga á Íslandi og heimahjúkrunar Reykjavíkurborgar í upphafi árs 2023, í kjölfar þess að heilbrigðisráðherra ráðstafaði 30 m.kr. til verkefnisins. Auglýst hefur verið eftir hjúkrunarfræðingum til starfa í málaflokknum en með því gefst aukið tækifæri á að hægt verði að stofna formlegan samráðshóp um ACT (Assertive Community Treatment Team) sem og að ná betur utan um þá einstaklinga sem taldir eru búa við heilaskaða og dulda fötlun.

Velferðarráð samþykkti á fundi sínum í nóvember 2021 tillögu um bráðabirgða neyslurými rekið af Rauða krossinum. Samningar náðust á milli Sjúkratryginga Íslands og velferðarsviðs um rekstur neyslurýmis og hefur Rauði krossinn rekið neyslurými með samningi við velferðarsvið á árinu 2022. Samningurinn rennur út í mars 2023 og viðræður eru hafnar við heilbrigðisráðuneytið um hvert mögulegt áframhald verkefnisins getur orðið. Rauði krossinn hefur sagt að ekki sé ásættanlegt



að reka neyslurýmið áfram í bíl og gerir kröfur um að fundið sé húsnæði fyrir starfsemina.

Á árinu 2022 var mikil aðsókn í neyðarskýli fyrir konur og karla og á tímabili þurfti að vísa fólki frá. Á vormánuðum 2022 samþykkti velferðarráð tímabundið 6,4 stg. til að styrkja mönnun í neyðarskýlum fyrir karla. Stjórnendur og starfsfólk málaflokksins í Vesturmiðstöð og í Konukoti hafa stöðugt leitað leiða til að geta tekið við því fólki sem á þarf að halda en álag hefur verið mikið. Í undirbúningi er að opna neyðarhúsnæði fyrir karla miðsvæðis í Reykjavík en með því móti er talið að hægt sé að létta á starfsemi í skýlunum.

Frá október 2019 hafði neyðarrýmum/íbúðum verið fjölgað um alls 49. Í dag eru úrræðin í málaflokknum alls 96 en nokkur hreyfing er á hversu margir eru að nýta sér HF (húsnæði fyrst) þjónustu (talfa 1).

Tafla 1: Fjöldi úrræða í jan. 2023.

Úrræði	Okt. 2019	Nóv. 2021	Jan. 2023
Neyðarrými (neyðarskýli f. karla og Konukot)	33	49	49
Húsnæði fyrst/sólarhringsþjónusta (H121)	5	11	11
Húsnæði fyrst íbúðir	5	19	17
Smáhús	3	13	12
Heimili fyrir tvígreindar konur	0	7	7
<b>Samtals</b>	<b>46</b>	<b>99</b>	<b>96</b>

Í stefnunni er lögð áhersla á að koma sérstaklega til móts við þjónustuparfir kvenna. Unnin hefur verið þarfagreining á neyðarskýli fyrir konur en núverandi húsnæði Konukots er talið vel staðsett en húsið sjálft barn síns tíma.

Á fundi velferðarráðs þann 18. nóvember 2020 var samþykkt að þær 11 íbúðir sem eru á Hringbraut yrði einungis úthlutað til kvenna og þeim tryggð sólarhringsþjónusta. Mygla kom hins vegar upp á Hringbraut á árinu 2021 og þurfti að flytja konur í annað tímabundið húsnæði. Félagsbústaðir hafa lokið endurbótum á húsnæðinu og fimm konur hafa flutt inn að nýju. Í undirbúningi er að ljúka úthlutun í þær sex íbúðir sem eftir eru. Við það er vonast til að hægt verði að létta á starfsemi Konukots.

Horfið var frá því að koma á fót nýju áfangaheimili Reykjavíkurborgar í Víðinesi en þess í stað samþykkti velferðarráð að komið yrði á fót áfangaheimili fyrir 15 konur á Njálsgötu sem opnaði var í ágúst 2022. Þar eru 13 einstaklingsíbúðir sem allar er nýttar í dag.

Vettvangs- og ráðgjafateymið (VoR-teymið) sem stofnað var árið 2015 hefur orðið æ mikilvægari þáttur í þjónustu við heimilislausa með miklar og flóknar þjónustuparfir. Nú hefur teyminu verið skipt upp í tvö teymi þar sem annarsvegar er áhersla á vettvangsþjónustu og hins vegar eftirfylgd og stuðning við íbúa í sjálfstæðri búsetu, í HF-íbúðum og smáhúsum.

Ein af þeim aðgerðum sem ekki var hafist handa við að framkvæma við síðasta stöðumat er að meta aðferðir við gerð áhættumats vegna ungmenna sem eru að leiðast út í heimilisleysi sem og að skilgreina verklag sem tryggir að þeim ungmönnum sem metin eru í áhættu sé fylgt eftir með markvissri ráðgjöf og stuðningi sem stuðlar



að virkni og samfélagsþátttöku. Vinna við þetta verkefni er hafin með skipan verkefnahóps sem áætlað er að skila niðurstöðum í byrjun mars 2023.

### **Niðurstaða**

Stefna um málefni heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir var samþykkt í október 2019 og gildir til ársins 2025. Ýmsar jákvæðar og mikilvægar breytingar hafa áunnist í þjónustu við heimilislausra frá árinu 2019 eins og fram hefur komið.

Í samantekt aðgerða sem kynnt var á fundi velferðarráðs í desember 2021 var lögð áhersla á að fram færi endurskoðun og endurmat á aðgerðum stefnunnar, sér í lagi á grundvelli nýrrar úttektar um stöðu heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir, reynslunnar af „húsnæði fyrst“, nýtingu og markhópi smáhúsa, stöðugildapörf VoR-teymis og samfélagslegra breytinga t.d. með tilkomu COVID-19.

Velferðarráð samþykkti á fundi sínum þann 8. desember 2021 tillögu um skipun stýrihóps um endurskoðun aðgerðaáætlunar með stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir. Á fundi velferðarráðs þann 1. febrúar 2023 verða áfangatillögur stýrihópsins lagðar fram sem og stöðumat á verkefnum hópsins.

### **Fylgiskjal:**

Yfirlit yfir stöðu og mælikvarða í janúar 2023.